



„Læsi er leikur“

Áherslur í læsi

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
Móttaka/Brottför	<p>Lögð er áhersla á hlýleg samskipti við komu og brottför barnanna. Dagleg samskipti eru mikilvæg, að heilsa og kveðja, skiptast á upplýsingum varðandi barnið og upplýsingar um starfið í skólanum.</p> <p>Mikilvægt er að nýta tækifærið að setja orð á athafnir og hluti, svo sem fatnað og veður. Kenna hugtök t.d. staðsetningar- og eiginleikahugtök, liti og talnagildi.</p>	<p>Börnin læra að lesa í merkingar í fataklefa og á deild, þekkja nöfn barnanna í hólfum þeirra.</p> <p>Samræður við börnin efla málskilning sem er undirstaða lesskilnings.</p>	<p>Börnin taka þátt í að setja upp merkingar t.d. upplýsingar og skilaboð.</p> <p>Skipulag dagsins haft sýnilegt fyrir börnin.</p>
Matartímar	<p>Við matarborðið gefst gott tækifæri til málörvunar. Spjallað er um daginn og veginn. Börnin efla samræðufærni sína, koma orðum á hugsanir sínar, auka orðaforða sinn og efla tjáningu. Læra kurteisisvenjur sem gilda í samræðum, læra að hlusta og bíða eftir að röðin komi að þeim.</p> <p>Hugtök varðandi mat, stærðir og magn verða börnunum töm.</p>	<p>Merkingar tengdar matartímum, matseðlar og sætamerkingar læra börnin að lesa í.</p> <p>Merkingar á umbúðum eru notaðar til að vekja athygli barnanna á stöfum og ritmáli.</p> <p>Samræður við matarborðið efla málskilning sem er undirstaða lesskilnings.</p>	<p>Í matartímanum má nýta tækifærin sem gefast til að vekja athygli á formum, stöfum og öðru því sem upp kemur í samræðum við börnin.</p>

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
	Börnin læra kurteisvenjur varðandi borðhald svo sem að bjóða til borðs, rétta matinn og þakka fyrir sig.		
Samvera	<p>Í samverustundum hlusta börnin á sögur, læra ljóð og þulur sem efla málskilning þeirra og tilfinningu fyrir málinu. Þau taka þátt í samræðum efla orðaforða, læra að skilja texta í samhengi, læra orsök og afleiðingu. Læra að frásagnir hafa upphaf, atburðarás og endi.</p> <p>Unnið markvisst með orð og hugtök, orð eru tekin úr texta þau útskýrð og unnið með þau áfram.</p> <p>Börnin fá tækifæri til að koma fram bæði í samverustundum og í sal þar sem þau fá tækifæri til að tala frá púlti.</p> <p>Í samverustundum er farið í leiki, söngvar sungnir og atkvæði klöppuð, allt með það að markmiði að efla mál, tjáningu, hlustun og tilfinningu fyrir hrynjanda. Saman eflir þetta hljóðkerfisvitund barnanna.</p>	<p>Með því að lesa fyrir börn læra börn að umgangast bækur. Athygli þeirra er vakin á lestraráttinni, orðum, stöfum og táknum. Þeim sýnt hvernig stafir raðast saman í orð og orð í setningar og málsgreinar.</p> <p>Gott er að kynna börnunum bækurnar áður en byrjað er að lesa, vekja athygli þeirra á kápu bókarinnar, höfundu og myndum sem í bókinni eru. Það gæti vakið áhuga þeirra á að finna fleiri bækur eftir sama höfund texta eða mynda.</p> <p>Í lestrarstund gefast tækifæri til að efla hlustunar- og lesskilning barna með því að ræða um það sem er lesið og spyrja spurninga.</p> <p>Börnin fá tækifæri til að lesa sjálf, þau læra að lesa í myndir og tákni og leiklesa.</p> <p>Farið í leiki með stafi, tölur og tákni.</p>	<p>Börnin læra hvernig fullorðnir nota ritmál, svo sem þegar texti er ritaður á upplýsingatöflur eða við myndir. Þau fá tilfinningu og sjá tengingu milli ritmáls og talmáls.</p> <p>Börnin fá tækifæri til að semja sögur og ljóð. Það er gert með margvíslegum hætti, þau skrá með teikningum, lettri, mynd- og eða hljóðupptökum, með öppum og rafbókum.</p> <p>Börnin eru hvött til að koma með bækur að heiman til að lesa, ferðir í Bókasafnið eru fastir liðir, börnin fá tækifæri til að fara heim með bækur úr skólanum í tengslum við alþjóðadag barnabókarinnar 2. apríl ár hvert. Þá er íslenskum barnabókum gert hátt undir höfði á degi íslenskrar tungu 16. nóvember.</p>

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
Hvíldarstundir	<p>Í hvíldarstundum hlusta börnin á sögu eða hlusta á tónlist. Þá gefast tækifæri til samræðna og markvissrar málörvunar með eldri börnunum.</p>	<p>Þegar börn hlusta á sögur æfast þau í að einbeita sér, tilfinning þeirra fyrir málinu eykst, þau bæta við sig orðaforða og skilningur á samfelldu máli eykst. Þetta er mikilvægur undirbúningur fyrir lestrarnám barna.</p> <p>Með hlustun eflist málskilningur og börn þjálfast í því að sjá fyrir sér það sem þau heyra um. Þau læra að þekkja orðaforða bókmáls og hvernig hann er ólíkur orðaforða talmáls.</p> <p>Í hvíldarstundum gefst gott tækifæri til að skoða bækur og lesa í myndir og letur.</p>	<p>Börnin kynnast ritmálinu þegar lesið er fyrir þau.</p> <p>Tækifæri gefast til að túlka sögur og ljóð með tjáningu og teikningum.</p>
Útivera/vettvangsferðir	<p>Í útiveru gefast tækifæri til samræðna við börnin um það sem þau eru að fást við á hverjum tíma. Þar gefast tækifæri til að auka hugtakaskilning með því að vekja athygli á formum, litum, talnagildum, efnivið og umhverfinu.</p>	<p>Í göngu- og vettvangsferðum er kjörið tækifæri til að kenna börnunum á nærumhverfi sitt, lesa á skilti, skoða kort, merkingar og leiðakerfi strætó.</p>	<p>Þegar í skólan er komið hefst úrvinnsla. Börnin fá tækifæri til að rifja upp upplifun sína með skráningu og listsköpun.</p>

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
	<p>Þar skapast einnig tækifæri til að vinna með yfirhugtök svo sem blóm og tré</p> <p>sem svo má nafngreina nánar og auka þar með orðaforða.</p> <p>Í útiveru er farið í leiki sem reyna á hlustun, tjáningu og félagsfærni. Orð eru sett á athafnir og hluti. Einnig hlustum við eftir umhverfishljóðum og setjum nöfn á þau.</p> <p>Farið er með börnin í göngu- og vettvangsferðir. Rætt er við þau um hvert á að fara og tilgang ferðarinnar. Athygli þeirra er vakin á umhverfinu og tilteknum stöðum og atburðum sem verða á vegi okkar. Þegar heim er komið er unnið úr upplifunni, orð sett á það sem fyrir augum bar og tækifæri sköpuð til samræðna.</p>	<p>Með snjalltækjum gefast tækifæri til að lesa enn frekar í kort og mæla vegalengdir.</p> <p>Samræður sem fylgja í kjölfarið efla málskilning barnanna sem er undirstaða lesskilnings.</p>	<p>Úti í náttúrunni má einnig vinna með ritun og listsköpun svo sem í sand og snjó.</p> <p>Stafræn tækni gefur tækifæri til að skrá upplifun í myndum, myndbandsbrotum og rafbókum.</p>
Sköpun	<p>Skapandi starf með börnum gefur tækifæri til að fá börnin til að túlka með myndum, táknum, orðum, hreyfingu og tónlist upplifun sína. Setja orð á athafnir, skoðanir, skynjun og tilfinningar</p>	<p>Í listsköpun læra börn að lesa í verk annarra og sín eigin.</p> <p>Tilvalið er að blanda saman í listsköpun vinnu með bókstafi, tölur og tákn.</p>	<p>Í listsköpun læra börn að nota ritun til að vinna miðla til annarra. Það má gera á margan hátt svo sem að leika leikrit, búa til myndbandsbrot, rafbækur, teikna myndir, skapa listaverk og búa til bækur á pappír.</p>

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
	<p>Í gegnum skapandi starf vinna börn oft úr reynslu sinni og upplifun. Tækifæri gefast til að</p> <p>ræða um ólík sjónarmið og skoðanir.</p>	<p>Samræður efla málskilning og orðaforða sem er svo undirstaða lesskilnings</p>	<p>Mikið er til af öppum í spjaldtölvur sem gera þessa skráningu áhugaverða og skemmtilega fyrir börn.</p>
Leikur	<p>Leikur er meginnámsleið barna. Í leik efla börn samskiptafærni sína.</p> <p>Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins. Börnin nota málið til að skipuleggja leikinn, þau setja orð á athafnir sínar og hugsanir.</p> <p>Í gegnum leikinn þjálfast þau í samskiptum og tjáningu.</p>	<p>Í leiknum auka börn orðaorða sinn, þau æfa sig í að nota orð sem þau annars notuðu ekki. Þau læra ný orð í leiknum af jafnöldrum sínum og æfa sig í að nota orðaforða sinn. Leikurinn kallar oft á fjölbreyttari orðaforða en daglegt tal.</p> <p>Börnin æfa sig í að spinna söguþráð sem veitir mikilvæga undirstöðu undir ritaðar frásagnir síðar.</p> <p>Leikurinn hjálpar börnum að líkja eftir lestrarathöfnum fullorðna fólksins og átta sig á því hvernig lestur og ritmál er notað í daglegu lífi.</p>	<p>Með því að hafa fjölbreytt leikefni styðjum við þekkingarleit barna.</p> <p>Þau teikna og skrifa og líkja eftir ritathöfnum þess fullorðna.</p> <p>Aðgengi að bókum, blöðum og litum þarf að vera aðgengilegt á leiksvæði þeirra.</p>
Hópastarf			

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
	<p>Í hópastarfi gefst gott tækifæri til samræðna og málörvunar. Í hópastarfi eru lögð fyrir verkefni sem þarf að rökræða og skiptast á skoðunum um. Hlusta á fyrirmæli og skoðanir annarra.</p> <p>Í þessum tímum fer fram fræðsla og markvisst er unnið með orðaforða, hugtakaskilning og hlustun.</p> <p>Mikilvægt er að kenna börnum að grunnurinn að samræðum við aðra er t.d. að skiptast á að tala og hlusta, spyrja og svara spurningum og stilla raddstyrk.</p>	<p>Í hópastarfi gefst gott tækifæri til að vinna með hljóðkerfisvitund, framburð, takt og hrynjanda í gegnum leik. Tengja stafið, orðum og táknum.</p> <p>Sækja má upplýsingar í spjaldtölvur og vinna áfram með þær þar í ýmsum öppum sem í boði eru.</p>	<p>Í hópastarfi upplifa börnin og reyna. Lögð er áhersla á að þau vinni áfram með verkefni og segi frá reynslu sinni og skrái hana. Það gera þau með fjölbreyttum aðferðum svo sem með teikningum, ljósmyndum, myndbandsbrotum og rafbókum.</p> <p>Mikilvægt er að vinna með ritun út frá reynslu og þroska barnanna. Gera þeim grein fyrir að ritun hefur ákveðin tilgang og er ætluð til að geyma upplýsingar og er t.d. ætluð öðrum til að fá vitneskju Smá saman fara börnin að byggja upp sjónmynni á algengum orðum sem þau geta svo tengt við önnur verkefni.</p>

Heimild:

Sótt 24. september 2018 af <https://lykillinn.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/08/leikskolinn.pdf>